

Miðvikudaginn 13. desember 1967.

Nr. 138/1967. **Valdstjórnin**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

X (Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Svipting lögræðis. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um sjálfræðissviptingu.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 95/1947 skal allur kostnaður af málinu greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns varnaraðilja í héraði og hér fyrir dómi, sem ákveðast samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, X, er sviptur sjálfræði.

Allur kostnaður af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns varnaraðilja í héraði og fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. júlí 1967.

Ár 1967, mánudaginn 31. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómsara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 294/1967: Valdstjórnin gegn X, sem tekið var til dóms 28. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 6. júní s.l., „af valdstjórnarinnar hálfu samkvæmt heimild í 6. tölulið b, sbr. 2. tölulið 7. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði, sbr. 4. tölulið 2. gr., sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 82/1961, gegn X ... í Reykjavík, fæddum 5. maí 1895, til sviftingar sjálfræðis vegna

ofnautnar áfengis samkvæmt 3. tölulið 5. gr. nefndra laga nr. 95/1947 og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 9. febrúar s.l., fóru 5 börn varnaraðilja, þau A . . . , B . . . , C . . . , D . . . og E . . . hér í borg, þess á leit, að varnaraðili verði sviptur sjálfræði vegna langvarandi drykkjuskapar. Segir í beiðninni, að varnaraðili sé búinn að vera drykkjumaður um áratuga skeið. Hingað til hafi verið látið nægja að vista hann í sjúkrahúsum eða hælum tiltölulega skamman tíma í senn, en án nokkurs árangurs. Hafi sífellt sótt í sama horfið, enda sé varnaraðili haldinn ólæknandi drykkjusýki að dómi sérfróðs læknis. Þurfi af þessum sökum að vista hann á drykkjumanna- eða geðveikrahæli til langframa. Í beiðninni segja beiðendur enn fremur, að varnaraðili sé nú að mestu rúmliggjandi og algerlega upp á náð og miskunn aðstandenda kominn, sér í lagi móður þeirra. Hann hafi ekki annað sér til framfæris en ellilífeyri, en verji honum að jafnaði til kaupa á vínföngum. Þá sé ekkert annað tiltækt en ellilífeyrir móður þeirra, eða sá hluti hans, sem ekki fari til sömu kaupa, en að því búnu taki algert neyðarástand við og sultur fyrir dyrum, nema aðstoð aðstandenda komi til. Öllum megi þó vera ljóst, hve vonlaust sé að veita slíka aðstoð. Hún hafi nánast ekki orðið til annars en treina lífið í varnaraðilja, svo að hann mætti taka upp sína fyrri iðju. Sé engum blöðum um það að fletta, hvílíkt tjón sambúðin við slíka menn hafi óhjákvæmilega í för með sér. Það hafi komið í hlut móður þeirra að deila kjörum með varnaraðilja s.l. 2—3 ár eftir langan aðskilnað. Þetta hafi gerzt að meira og minna leyti án hennar vilja, eða eingöngu vegna þess, að varnaraðili hafi ekki átt annað athvarf. Afleiðing sambúðar þessarar hafi orðið sú, að móðir þeirra hafi sogazt æ dýpra í drykkjuskap með varnaraðilja. Á foreldrum þeirra sé þó sá reginmunur, að ennþá gæti nokkurs vilja hjá móður þeirra til að leggja þennan löst niður. Sífellt sigi þó á ógæfuhliðina og haldi sem horfi, geti tækifærið til að bjarga móður þeirra glatazt. Þá segir, að systursonur þeirra, ungur að árum, sem elzt upp hjá móður þeirra, hafi beðið stórtjón af þessum sjúklegu lifnaðarháttum. Þurfi að fjarlægja varnaraðilja af heimilinu til þess að koma lífi þar í heilbrigðan farveg.

Beiðninni fylgdi vottorð um varnaraðilja frá Kleppsspítalanum, dagsett 1. febrúar s.l., undirritað af Jakob Jónassyni yfirlækni. Segir í vottorði þessu á þessa leið:

„Það vottast hér með, að X, . . . , Reykjavík, er haldinn lang-

varandi drykkjusýki (alcoholismus chronicus) og þarfnast vistunar á drykkjumannahæli um langan tíma. X hefur áður vistast á Flókadeild Kleppsspítalans svo og Kleppsspítalanum, og hefur m. a. fengið Delirium tremens. Samkv. upplýsingum aðstandenda hefur X drukkið nálega stanzlaust, eftir að hann útskrifaðist síðast af Flókadeild Kleppsspítalans í júní 1965, og eftir lýsingum þeirra að dæma virðist hann vera orðinn algerlega ósjálfbjarga drykkjusjúklingur, enda hafði hann einkenni um alvarlegan geðsjúkdóm af völdum langvarandi drykkjusýki (Psychosis Korsakow), þegar hann vistaðist síðast á Flókadeild Kleppsspítalans.

Þar sem X hefur engan skilning á þeim alvarlegu afleiðingum, sem drykkjuskapur hans hefur í för með sér, ber nauðsyn til að svipta hann sjálfræði og flytja hann á drykkjumannahæli með aðstoð lögreglu“.

Fjórir sjálfræðissviptingarbeiðenda, þ. e. A, B, C og D, hafa mætt í dómi og staðfest beiðni sína. E mætti hins vegar ekki né heldur vildi F, eiginkona varnaraðilja, mæta.

Framangreind vitni hafa skýrt frá því, að varnaraðili búi hjá eiginkonu sinni, F, ... hér í borg. Börn þeirra eru 7 að tölu, og hafa 5 þeirra undirritað sjálfræðissviptingarbeiðnina. Hin eru G, búsett í ..., og H, búsett hér í borginni. Hefur hin síðarnefnda ekki alizt upp hjá foreldrum sínum. Vitnin kveða sjálfræðissviptingarbeiðnina fram komna í því skyni að koma varnaraðilja á hæli til langdvalar, en á það hafi hann ekki viljað fallast.

Vitnið A kveður varnaraðilja hafa verið ofdrykkjumann um áratuga skeið og megi heita, að hann sé orðinn alger sjúklingur nú. Varnaraðili hefur ekkert unnið s.l. 10 ár, en hefur haft til framfæris elli- og örorkustyrk, sem þó hefur farið að verulegu leyti til áfengiskaupa. Foreldrar vitnisins skildu að borði og sæng fyrir um það bil 20 árum, en leyfi til lögskilnaðar hafa þau ekki fengið. Móðir vitnisins hefur haft íbúð í ..., og hefur varnaraðili verið þar viðloðandi s.l. 3 ár að minnsta kosti. Vitnið kveður móður sína einnig hafa neytt mikils áfengis, og hefur drykkjuskapur varnaraðilja leitt til þess, að drykkja hennar hefur aukizt. Systursonur vitnisins hefur búið hjá foreldrum þess. Er það skoðun vitnisins, að hann hafi beðið stórtjón vegna óreglunnar á heimilinu. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að varnaraðili eigi nokkrar eignir. Hann hefur ekki orðið börnum sínum til verulegrar fjárhagslegrar byrði, en hins vegar valdið þeim margvíslegum óþægindum og áhyggjum. Varnaraðili hefur verið tíma og tíma á hælum og sjúkrahúsum vegna drykkjuskapar síns.

Hann hefur þó aldrei fengizt til að vera lengi í einu og allt sótt í sama horfið, eftir að út kom.

Vitnið B kveður varnaraðilja vera orðinn algeran drykkju-sjúkling. Hann hafi verið á hælum undanfarin ár tíma og tíma, en ekki tollað þar. Síðustu þrjú ár hefur varnaraðili búið í íbúð konu sinnar í Hann hefur ekkert unnið síðustu árin, en haft elli- og örorkustyrk, sem hann mun hafa varið að einhverju leyti til áfengiskaupa. Varnaraðili hefur ekki orðið börnum sínum til fjárhagslegrar byrði, en valdið þeim áhyggjum með drykkjuskap sínum. Varnaraðili á engar eignir að sögn vitnisins. Hann fékk berkla fyrir um 20 árum og hefur dvalizt á hælum af þeim sökum. Vitnið kveður varnaraðilja hafa dregið konu sína út í drykkjuskapinn með sér og þurfi að koma honum á hæli, til þess að hægt sé að veita henni aðstoð.

Vitnið C hefur skýrt frá því, að varnaraðili sé búinn að vera ofdrykkjumaður um áratuga skeið og hafi oft dvalizt á hælum og sjúkrahúsum af þeim sökum. Kveður vitnið nú svo komið, að hann sé að verða alger drykkjusjúklingur. Varnaraðili hefur ekkert unnið síðustu árin, en fengið elli- og örorkustyrk. Hefur hann eytt styrknum mikið til áfengiskaupa. Varnaraðili býr ásamt konu sinni í . . . og mun Reykjavíkurborg hafa greitt húsaleiguna fyrir þau að verulegu leyti. Vitnið kveður drykkjuskap varnaraðilja hafa leitt til þess, að kona hans hefur sogazt út í drykkjuskap með honum. Er af þessum sökum meiri og minni drykkjuskapur á heimilinu. Varnaraðili hefur ekki orðið börnum sínum beint til fjárhagslegrar byrði, en þó hafa þau þurft að veita heimilinu margvíslega aðstoð. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að varnaraðili hafi átt neinar eignir s.l. tuttugu ár.

Vitnið D kveður varnaraðilja hafa verið á hælum tíma og tíma undanfarin ár, en stutt í einu og hafi sótt í sama farið með drykkjuskap hans, er út kom. Varnaraðili hefur enga vinnu stundað síðustu ár, en lifað af elli- og örorkustyrk. Telur vitnið, að mikið af styrknum hafi farið til áfengiskaupa. Varnaraðili hefur ekki orðið börnum sínum til fjárhagslegrar byrði að ráði, en valdið þeim margvíslegum áhyggjum. Varnaraðili býr hjá eiginkonu sinni í . . . , og greiðir Reykjavíkurborg húsaleiguna að einhverju leyti. Vitnið kveður varnaraðilja ekki eiga neinar eignir.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðilja hlaut hann hinn 6/6 1941 í aukarétti Reykjavíkur 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 247. gr., 2. mgr., sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og var

gert að greiða skaðabætur, kr. 4.014.20. Með dæmi Hæstaréttar í málinu 15/1 1942 hlaut hann 5 mánaða fangelsi fyrir brot sitt og var gert að greiða kr. 8.669.42 í skaðabætur. Þá hefur hann á tímabilinu frá 6/8 1940—12/2 1965 hlotið 22 sinnum sektir, er nema frá 25—300 kr. hverju sinni, fyrir ölvun á almannaferi og verið áminntur 4 sinnum fyrir sams konar brot.

Í vottorði frá Matthíasi Sveinbjörnssyni lögregluvarðstjóra, dagsettu 26. apríl s.l., segir að varnaraðili hafi verið vistaður alls 29 sinnum í fangageymslu lögreglunnar við Síðumúla vegna ölvunar á tímabilinu frá 26/4 1962—24/4 1967.

Hinn 6. október 1965 var þess farið á leit, að varnaraðili yrði sviptur sjálfræði. Í sambandi við beiðni þessa undirgekkst varnaraðili 2. desember sama ár dvöl á hæli í allt að 6 mánuði vegna ofnautnar áfengis, sbr. 11. gr. laga nr. 39/1964, og var beiðnin þá afturkölluð.

Varnaraðili hefur mætt í dómi vegna umræddrar sjálfræðis-sviptingarbeiðni. Mótmælti hann því eindregið, að hún nái fram að ganga, en færðist að öðru leyti undan því að gefa skýrslu í málinu að svo stöddu. Kvaðst hann e. t. v. mundu gera það síðar, þegar hann væri búinn að tala við börn sín. Ákæra var birt varnaraðilja 14. júní s.l. Bar hann hvorki þá né síðar fram ósk um að mæta í dómi og gefa skýrslu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að varnaraðili sé ofdrykkjumaður og af þeim sökum ófær um að ráða högum sínum. Ber því að taka framkomna kröfu til greina og svipta hann sjálfræði, sbr. 3. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði.

Varnaraðilja ber að dæma til að greiða allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, X, skal sviptur sjálfræði.

Hann greiði allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.